

9. Nám og yfirfærsla náms á daglegt líf

9.a. Markmið með námi notanda

Í þessum kafla er rætt um nám notenda og markmið með náminu. Eins og fram kom í kaflanum um starfsmenningu aðstoðarfólks hér á undan er mikilvægt að starfsmannahópurinn hafi sameiginlega sýn á það hvert markmiðið með náminu sé.

Viðhorf aðstoðarfólks til náms notanda getur haft áhrif á hvaða hlutverk það tekur sér. Rannsóknin gaf vísbendingar um það að almennt sé lítið rætt um nám notenda meðal starfsmanna í búsetuþjónustu eða á vinnustöðum notenda. Aðstoðarfólk lítur oftast þannig á að námskeið hjá Fjölmennt séu einangruð frá hinu daglega lífi og hafi þann aðaltilgang að brjóta upp daginn. Slíkt viðhorf gerir aðstoðarfólk líklegra til að taka hlutverk hins hlutlausa fylgdarmanns í náminu.

Nám getur hins vegar haft mun meiri tilgang fyrir notendur en það eitt að brjóta upp daginn. Þótt notandi geti átt erfitt með að ná hefðbundnum færnimarkmiðum þá getur nám veitt notanda nýja reynslu sem getur gert hann líklegri til að hafa skoðun og vilja koma henni á framfæri. Nám getur sýnt fram á nýja möguleika sem getur gefið meira innihald í lífið. Ef aðstoðarfólk lítur þannig á námið er það líklegra til að taka hlutverk milliliðsins eða stuðningsaðilans og reyna þannig að styðja notanda til þátttöku í náminu.

Í rannsókninni var ályktað að mikilvægt sé að efla vitund aðstoðarfólks um mikilvægi náms notanda og færni þess til að aðstoða notendur við að nýta sér námið í daglegu lífi. Það var einnig litið þannig á að námsmarkmið snúist ekki einungis um það sem notandi lærir heldur einnig um það sem aðstoðarfólk hans lærir.

Það er því mikilvægt að aðstoðarfólk sé meðvitað um hvert er markmiðið með námi notanda og hvernig það getur haft áhrif á starfið hans sem aðstoðarmanns.

Verkefni: Vinnið saman í litlum hópum og hugsið um einn notanda sem allir í hópnum þekkja vel. Reynið að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða markmið hefur kennari sett með námi notanda?
- Hvaða markmið sjáið þið með náminu?
- Hvaða markmið haldið þið að notandi myndi sjálfur vilja setja sér með náminu?

Farið síðan hring í starfsmannahópnum þar sem hver og einn reynir að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað hef ég sjálf(ur) lært af því að aðstoða notanda í námi?
- Hvernig hefur það haft áhrif á hvernig ég aðstoða notanda í dag?